

## Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 69 (28.7.2023) - Hjarðarland 1 - Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Flokkur 2,

**Málsnúmer** : 202307062  
**Málsaðili** : Höskuldur Þráinsson  
**Niðurstaða (stutt)** : Samþykkt  
**Fundardagur** : 28.07.2023

**Inngangur** : Borist hefur umsókn um byggingarleyfi frá Kristjáni Bjarnasyni, f.h. Höskuldar Þráinssonar, dags. 05.07.2023, fyrir viðbyggingu, útlitsbreytingu og stækkun húss að Hjarðarlandi 1. Einnig er um að ræða lóðafrágang með stöllum lóðar við suðaustur gafli hússins auk útlitsbreytingar vegna nýrra glugga. Nýr gluggi bætist einnig við á geymslu neðri hæðar/kjallara bílskúrs og það rými skráð brúttó 43,1 m<sup>2</sup>. Stækkun skála neðri hæðar íbúðarhúss til suðvesturs, viðbygging sólskála undir svölum, er brúttó 13,4 m<sup>2</sup>, í samræmi við gögn unnin af teiknistofunni Austurvelli dags. 20.06.2023.  
Heildarstærð húss verður 367,2 m<sup>2</sup>, nýtingarhlutfall lóðar 0,4.  
Erindinu var vísað til skipulagsfulltrúa á 501. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

**Niðurstaða** : Þar sem að ekki er í gildi deiliskipulag sem uppfyllir ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 samþykkir skipulagsfulltrúi, í samræmi við afgreiðsluheimildir skipulagsfulltrúa í samþykktum um stjórn Mosfellsbæjar, að byggingarleyfisumsóknin skuli grenndarkynnt skv. 1. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Fyrirliggjandi gögn skulu send aðliggjandi hagaðilum og þinglýstum eigendum húsa Hjarðarlands 1, 3, Hagalands 4, 6 og Brekkulands 4A til kynningar og athugasemda. Auk þess verða gögn aðgengileg á vef Mosfellsbæjar, mos.is.